

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Rifós Kelduhverfi



<b>Dags eftirlits</b>	22.5.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Rifós	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Lóni	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	500692-2869	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hlífur Karlsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirliti en gerð var athugasemd við skiladag ársskýrslu skv. gr. 3.2 í starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Grænu bókhaldi var skilað á réttum tíma en ársyfirliti var skilað með tölvupósti deginum fyrir eftirlit.

Skv. gr. 2.3. í starfsleyfi er fallið út leyfi til að koparlita nætur í kvíum. Lituninni hefur verið hætt og keypt hefur verið þvottavél til að þrifa ásætur af nótnum. Er hún að virka vel. Þegar slátrað hefur verið upp úr kvínni þá er nótin dregin upp og henni komið fyrir á stöplum í fjörunni þar sem hún er látin þorna og slegið af henni til hreinsunar. Litunarbúnaður í fjörunni hefur verið fjarlægður en enn má sjá leifar af koparmálningu í sandinum.

Minnt er á að senda þarf eftirlitsaðila tilkynningu um flutning kvía á svæðinu skv. gr. 2.4 í starfsleyfi.

Frárennsli frá seiðastöð var skoðað og var ekki að greina óeðlilegan vöxt eða úrgang við útrás. Dælt er uppúr settjörn árlega og var ekki mikil uppsöfnun í tjörninni og enga óeðlilega lykt var að finna. Greina mátti vel grjótið á botni settjarnarinnar.

Frárennsli frá sláturhúsi var skoðað. Hafði settjörnin verið tæmd frá síðasta eftirliti og var ekki mikið í tjörninni, eða rétt til hálfis m.v. fyrra ár. Sjá mátti blóðlitað vatn en ekki var hægt að greina fitubræk eða slý á vatninu. Mátti finna rotlykt af vatninu en hún var þó ekki stæk.

Allur dauðfiskur og slóg er sendur til fóðurgerðar.

Rætt var um tryggingar skv. gr. 4.7 í starfsleyfi og rekstraraðili sendir afrit af endurnýjun tryggingarinnar.

Engar breytingar hafa verið gerðar á olíutönkum en bent var á að setja þurfi árekstrarvörn á olíutank sem stendur ofan skemmu.

Farið var yfir hvatningakerfi Umhverfisstofnunar og bent á þann möguleika að sækja um fækkun eftirlitsferða sé rekstraraðili með umhverfisstjórnunarkerfi. Einnig ef fyrirtækið hefur verið frávikalaust í fjögur ár samfleytt.

## ATHUGASEMDIR

Gerð var athugasemd vegna gerinar 3.2 í starfsleyfi en rekstraraðili skal skila inn ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlitinu var skilað með tölvupósti þann 21. maí 2014.

## ANNAÐ

Rekstraraðili ætlar að koma fyrir rist við enda frárennslisrörs frá seiðastöð, til að fanga fisk sem kynni að sleppa út. Var þetta ábending frá Fiskistofu.

Sótt hefur verið um leyfi til Umhverfisstofnunar til dælingar undan kvíum. Farið var yfir þá umsókn og bent á að líklega væru magntölur ekki rétt fram settar. Sótt var um leyfi til að varpa 800t í hafið en þegar málið var skoðað þá er það langt fyrir ofan það sem mögulega hefur geta sest undir kvíarnar frá síðustu dælungu. Bent var á að endurskoða útreikninga m.t.t. til annarra forsenda og senda inn breytta umsókn. Að öllum líkindum er varp í hafið vel innan við 100t frá síðustu dælingu þar sem einungis 434t af fóðri var gefið á árinu og fóðurstuðull um 1,27.

Reykjavík, 23.05.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki

geta talist frávik.